

Bæjarráð - 3509 (6.12.2018) - Endurskilgreining á ráðningarhlutfalli starfsmanna vegna ákvæða um hvíldartíma

Málsnúmer : 1811303
Málsaðili : Samfylkingin í Hafnarfirði
Niðurstaða (stutt) : Vísað til afgreiðslu starfsmanna
Fundardagur : 06.12.2018

Inngangur :
Niðurstaða : Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bærarstjóra að vinna að málinu.

Fulltrúi Samfylkingar leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að meirihlutinn sé að skoða möguleika á að koma til móts við þennan hóp starfsmanna sem vinnur svo mikilvæg þjónustustörf í búsetukjörnum fyrir fatlaða. Það hefði verið æskilegt að mínu mati að ákvörðun hefði legið fyrir, fyrir seinni umræðu um fjárhagsáætlun. Aðgerð sem þessi myndi án vafa hafa jákvæð áhrif í þá átt að fjölga fagmenntuðu fólki í þessari starfsstétt hjá bæjarfélaginu.